

*Hafnarfjarðarbær 6. maí 2014*

Til umsækjenda um rekstur á Bæjarbíói.

Menningar- og ferðamálanefnd hefur valið að ganga til samninga við Menningar- og listafjelag Hafnarfjarðar (MLH) um rekstur á Bæjarbíói til eins árs. Ákvörðun nefndarinnar byggir á rekstraráformum og hugmyndum félagsins sem fram komu í umsókn, greinargerð og viðtölum sem fram fóru dagana 3. og 29. Apríl sl. Er það mat nefndar að hugmyndir MLH samræmist þeim þáttum sem útboðsgögn gerðu ráð fyrir og sem byggðu á óskum um aukið líf í bíóinu og í miðbæ Hafnarfjarðar. Ennfremur byggir ákvörðunin á þátttöku Menningar- og listafjelags Hafnarfjarðar í samfélaginu á síðustu misserum, en félagið hefur staðið fyrir vel heppnuðum viðburðum m.a. í samstarfi við Miðbæjarsamtökin og Gaflaraleikhúsið.

Nefndin mun áfram vinna að gerð samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tryggja mun sýningabátt Kvikmyndasafns Íslands í bíóinu og mun sá þáttur væntanlega skýrast á næstunni.

Nefndin þakkar öllum umsækjendum sýndan áhuga og vísar niðurstöðu nefndar til staðfestingar í bæjarráði.

Dagbjört Gunnarsdóttir

Hlíf Ingibjörnsdóttir

Unnur Lára Bryde